

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Sveitarfélagsins Voga fyrir skipulags- og byggingarmál og tengd gjöld nr. 1634/2023.

1. gr.

Við útgáfu byggingarleyfa og vegna annarrar þjónustu sem umhverfis- og skipulagssvið Sveitarfélagsins Voga veitir skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá sveitarfélagsins kveður á um. Gjaldtakan er byggð á heimild í 50., 51. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslögum nr. 123/2010.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti neðangreinda breytingu á gjaldskránni á fundi sínum 10. desember 2025.

5. gr. hljóðar hér eftir svo:

5. gr.

Gjaldskrá afgreiðslu- og þjónustugjalda.

Almennt afgreiðslugjald er greitt við móttöku umsóknar um byggingarleyfi, framkvæmdaleyfi og skipulagsbreytingar. Í gjaldinu felst kostnaður sveitarfélagsins við móttöku og yfirferð erindisins. Gjaldið er ekki afturkræft þótt umsókn sé dregin til baka eða synjað.

Greiða skal fyrir þjónustu og leyfisveitingu sem byggingarfulltrúi veitir umfram þá sem innifalin er í byggingarleyfisgjaldi. Afgreiðslu- og þjónustugjöld eru ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands.

Upphæð afgreiðslu- og þjónustugjalda skal vera:

Almennt afgreiðslu- og þjónustugjald byggingar- og skipulagsfulltrúa	10%	Kr.	30.256
Hver endurskoðun aðaluppdráttar	10%	Kr.	29.053
Afgreiðslugjald og endurnýjun leyfis án breytinga	10%	Kr.	29.053
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	10%	Kr.	29.053
Stofnun lóðar	10%	Kr.	29.053
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	10%	Kr.	29.053
Fyrir breytingu á lóðarsamningi	10%	Kr.	29.053
Fyrir breytingu á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	10%	Kr.	29.053
Gjald fyrir útkall þegar verk reynist ekki úttektarhæft	20%	Kr.	58.106
Afgreiðsla stöðuleyfis, árgjald greiðist einu sinni á ári*	20%	Kr.	58.106

Fyrir hverja aukaútsetningu lóðar/húss; pr. mælingu, aðkeypt vinna skv. reikningi.

* Byggingarfulltrúi hefur heimild til að innheimta gjald, vegna stöðuleyfis, hafi ekki verið sótt formlega um stöðurleyfi eða það ekki verið endurnýjað á tilskildum tíma.

2. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi er byggð á heimild í 50., 51. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslögum nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Sveitarfélaginu Vogum, 10. desember 2025.

Ásta Friðriksdóttir,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs og staðgengill bæjarstjóra.

B deild - Útgáfudagur: 20. janúar 2026